

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS



HAFNARHÖLJI VÍÐ TRYGGVAGÖTU, P.O. BOX 893, REYKJAVÍK, TEL. 29500, CABLES VESSEL OWNERS, TELEX 2090 VESSEL IS

Heilbrigðis- og trygginganefnd,
neðri deildar Alþingis,
Alþingi,
Reykjavík.

Erindi nr. *P/121707*
komudagur *2313 1990*
Reykjavík, 21. marz 1990.

Fyrir nokkrum dögum var lagt fram stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á læknalögum nr. 53/1988.

Þar sem núgildandi læknalög eru nú til endurskoðunar varðandi þar tilgreind atriði, eins og fram kemur í áður nefndu frumvarpi, óska samtökin eftir því að breyting verði gerð á 2. m.gr. 11. gr. laganna, en hún hljóðar svo:

"Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða".

Samtökin gera þá tillögu, að greinin hljóði svo:

"Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða, að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands og að fenginni umsögn samtaka vinnuveitenda".

Tillaga samtakanna er því sú, að samtökum atvinnurekenda, Vinnuveitendasambandi Íslands, verði gefin kostur á að hafa afskipti af setningu reglna um gerð og útgáfu læknisvottorða.

Það verður að telja það sjálfsagða kröfu, að ekki aðeins læknar, þ.e. þeir sem gefa læknisvottorðin út, heldur einnig þeir sem borga brúsann í formi slysa- og veikindakaups, þ.e. atvinnurekendur, eigi þess kost að tjá sig varðandi setningu reglna um gerð og útgáfu læknisvottorða. Verður á það að líta, að læknisvottorð um óvinnufærni er ekkert annað en óútfyllt ávísun á ótiltekna fjárhæð, sem þriðji aðili greiðir, þ.e. atvinnurekandinn.

Þetta er því meira mál, þar sem staðgengilsreglan gildir varðandi slysa- og veikindi, eins og t.d. hjá sjómönnum, þar sem forfallakaupgreiðslur geta numið verulegum fjárhæðum. Má sem dæmi nefna, að í janúar s.l., landaði frystitogari afla eftir 27 daga veiðiferð. Hásetahlutur var kr. 476.635.- eða tæp hálf milljón. Hefði skipverji getað lagt fram læknisvottorð um óvinnufærni í a.m.k. einn dag, hefði hann fengið þessa fjárhæð alla, þar sem hæstiréttur hefur dæmt, að skipverji eigi rétt á forfallakaupi alla veiðiferðina, þótt hann sé orðinn vinnufær löngu fyrr. Viðkomandi hefði þess vegna getað í þessu tilviki farið í þriggja vikna sólarlanda-


ferð á meðan og haft kr. 476.635.- í veikindakaup. Hefði hann verið skipstjórinn á skipinu þá hefði hann haft tæpa milljón í veikindakaup. Er þetta nefnt sem dæmi um þær fjárhæðir, sem geta verið í spilinu.

Það læknisvottorðaform, sem aðallega er notað, svokallað atvinnurekendavottorð, er í A-5 stærð. Er það með öllu ófullnægjandi og meingallað. Er í því t.d. enginn reitur fyrir lækni að merkja inn, ef viðkomandi er ekki óvinnufær, heldur er hjá lækni til skoðunar, til að verða sér út um lyfseðil o.s.frv. Iðulega merkja lækna í dálkinn óvinnufær, þótt viðkomandi sé vinnufær, og fella þar með greiðslubyrði á atvinnurekenda launþegans. Það segir sig sjálft, að launþegi getur ekki verið í vinnu á sama tíma og hann er hjá lækni. Þetta þarf ekkert að hafa með óvinnufærni að gera. Virðast lækna oft og tíðum ekki gera sér grein fyrir því, hvað hugtakið óvinnufær þýðir að lögum. Meingallað form læknisvottorða á sinn þátt í þessu. Telja vinnuveitendur sig sem "þolendur" læknisvottorða og þann aðila, sem borga brúsann í flestum tilvikum, eiga rétt á að fá umsagnar- og tillögurétt varðandi setningu reglna um gerð og útgáfu læknisvottorða, enda brýn nauðsyn að endurskoða mál þessi öll, en vaxandi tilhneigingu launþega gætir að misnota þessi réttindi og lækna margir hverjir því miður kærulausir í útgáfu læknisvottorða.

Með vísan til framan ritaðs fara samtökin allra vinsamlegast við heilbrigðis- og trygginganefnd neðri deildar Alþingis, að tekið verði tillit til framan greindrar tillögu að breytingu á 2. m.gr. 11. gr. læknalaga nr. 53/1988.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna


Jonas Haraldsson